

Kiwanis International

Umdæmið Ísland-Færeyjar



**Efling, kraftur, áræði
Ábyrgðin er okkar**

**Fréttabréf
umdæmisstjóra #2**

**Óskar Guðjónsson
Umdæmisstjóri
2009-2010**

Kæru Kiwanisfélagar



Nú er rúmur helmingur Kiwanisársins liðinn. Páskafrí að baki og senn hyllir í langþráð sumarleyfi og aukna samveru með fjölskyldu og vinum. En þörfin á Kiwanis fer ekki í sumarfrí. Þörfin á að láta gott af sér leiða, þörfin á að félags-

legum samskiptum og ræktun vin- og kunnings-skapar, þörfin á að aðstoða þá sem eiga undir högg að sækja, þörfin á að hjálpa börnum í heima og heimsbyggð, fer ekki í sumarfrí. Þörfin er til staðar og þið ágætu félagar, sem með ykkar ötula og óeigingjarna starfi, eru það afl sem blæs að glóðum þessarar þarfar og knýr á um að henni sé mætt, fullnægt.

Þetta árið nýt ég þeirra forréttinda að fá að fara fyrir okkar ágæta umdæmi. Á ferðum mínum vítt og breitt um landið hef ég fengið nýja og endurnærða innsýn í það frábæra starf sem Kiwanisfélagar vinna á hverjum degi. Kiwanisstarfið fer snýst ekki um umdæmisstjórn, starfið sýst um og fer fram í klúbbunum, í grasrótinni. Þeir félagar sem hver á sinn hátt gefa reglulega og ótæpilega af tíma sínum, reynslu og fjármunum í þágu fjölbreytilegs Kiwanisstarfs eiga ómælt hrós og þakkir skyldar. Þessi fátæklegu orð mega sín e.t.v. lítils en vonandi hvetja þau okkur til áframhaldandi góðs starfs í þágu göfugs málsstaðar.

Hjálpum börnum heimsins

Í þessum pistli mun ég koma inná örfáa þætti starfsins það sem af er ári og reyna að gefa smá innsýn í hvað verið er að sýsla.

Frá umdæmisstjórn:

Í kjölfar alvarlegra veikinda kjörumdæmisstjóra Geirs, hefur umdæmisstjórn tímabundið skipað Sæmund H. Sæmundsson fyrrverandi umdæmisstjóra og formann fræðslunefndar í hans stað. Um leið sendum við Geir okkar bestu batakeðjur og

vonumst við til að sjá hann hressan í Kiwanisstarfinu sem allra fyrst.

K-dagur:

K-dagsnefnd er virkjuð, búið að safna liði og farið að funda og samband komið við svæði og klúbba. Eftir frekar neikvæða umræðu í kjölfar síðasta K-dags ríður mikið á að skipulega verði gengið til verks og vel tekið á í þessu mikilvæga og einstaka verkefni umdæmisins. Ég óska Gylfa nefndarformanni og samstarfsfólki hans velfarnaðar í krefjandi starfi framundan og það sem ég hef þegar heyrt frá nefndinni bendir til að stefnt sé að hámarks árangri með lágmarks kostnaði. Spennandi verður að fylgjast með framvindu mála. Breytt tímasetning söfnunarinnar gefur okkur viss kynningartækifæri og ef vel tekst til gæti skapast hér sá meðbyr sem við þurfum til að hefja hreyfinguna á fyrri stall áhrifa og félagafjölda.

Hjálmar:



Undir forystu reynsluboltans Guðmundar Oddgeirs var strax á haustdögum byrjað að funda með Eimskip um framkvæmd og útfærslu á verkefninu í ár. Afleiðing þeirrar vinnu er m.a. að í ár verður boðið uppá nýjan hjálm. Enn er ekki kominn

örugg afhendingardagsetning en hún dregst líklega eitthvað Styrktarsamkomulag okkar við Eimskip rennur út í ár og verður því fljótlega farið að skoða frekari möguleika með verkefnið. Hjálmaverkefnið er ótvírætt flaggskip hreyfingarinnar sem hefur siglt Kiwanishjálmmum á kolla 10% þjóðarinnar. Geri aðrir betur!!!

Kiwanisfréttir:

Næsta tbl. Kiwanisfréttu kemur út í maí. Ragnar Örn hvetur féлага til að senda inn áhugavert efni til birtingar. Margir klúbbar eiga t.d. stórafmæli í ár og geta minnst tímamóta með skrifum í okkar ágæta málgagn. Aðrir luma örugglega á góðu efni. Auglýsingar eru líka vel þegnar. Efni þarf að berast fyrir 17. apríl. Í haust mun síðan koma út sérstakt þingblað líkt og síðastliðið ár.

Efling/Fjölgun:



Ein af forsenda þess að öflugt Kiwanisstarf viðhaldist í umdæminu er að klúbbar efla innviði sína reglulega með nýjum félögum. Nýjir félagar koma með nýjar

hugmyndir og nýja sýn, við þörfnumst þeirra til þjónustu. Fleiri félagar, meiri þjónusta, fleiri þjónustuverkefni og betri ímynd hreyfingarinnar!!! Við þekkjum öll "maður á mann" aðferðina sem dugað hefur okkur til að fjölga um 40-50 á ári undanfarin ár. Frábær fjölgunaraðferð sem við höldum áfram að nota. En betur má ef daga skal!!! Ýmissa hluta vegna hætta nú 50-60 félagar í hreyfingunni á ári og raunfjölgun því neikvæð og umdæmið löngu komið undir lögbundinn félagafjölda umdæmis. Í samræðu minni við klúbba hef ég lagt áherslu á að nýklúbbastofnun sé eitt þeirra bjargráða sem grípa verði til eigi að snúa þessari þróun við. Af er sú tíð að hér voru margir nýjir klúbbar stofnaðir árlega. Síðast var nýr klúbbur stofnaður í umdæminu 2004 (Eysturöy) og á Íslandi hefur ekki verið stofnaður klúbbur síðan Mosfell varð til 1999. Samkvæmt þessari 5 ára reglu hefði nýr klúbbur á að verða til í fyrria. Raunin er a.á.m. sú að nú fækkar nánast um einn klúbb á ári. Jákvæðu fréttirnar eru þær að það hyllir undir stofnun kvennaklúbbsins Vörðunnar í Keflavík, og þær m.a.s. búnaðar að klára sitt fyrsta stryktarverkefni. Til hamingju!!! Einnig berast fréttir af góðri fjölgun í Færeyjum, verið sé að vinna í stofnun græðlingsklúbbs frá Helgafelli og að reynt sé að vinna að endurreisn Smyrils í Borgarnesi. Er það raunhæft keppikefli að ná umdæmisstærð á ný og verða 1200-1300 félagar á 50 ára afmæli hreyfingarinnar á Íslandi árið 2014? Þá þurfum við m.a. að:

- Stofna nýjan klúbb á hverju ári
- Leggja áherslu á fjölgun kvenna í hreyfingunni
- Láta reyna á að Sinawik teljist Kiwanisfélagar
- Fá yngra fólk til liðs við okkur
- Ná með öllum ráðum á til Y kynslóðarinnar
- Raunfjölga í öllum klúbbum um 2 féлага á ári
- Hver félagi mæli með nýjum félagum 5 hvert ár
- Stofna græðlingsklúbba þar sem það er hægt
- Leggja aukna áherslu á stofnun ungliðaklúbba
- Vinna að langtíma stefnumótun og aðgerðaáætlun um efling og fjölgun klúbba og féлага

Fókus á fjölgun

Þetta eru hugmyndir sem ég á von um að verði í fjölgunarumræðunni næstu misserin og til að koma þeim í enn frekari nærmynd verður á hausti komanda efnt til ráðstefnu um þessi mál, þau krufin til mergjar og leitað leiða til að snúa þessari þróun við. Við megum ekki sofna á verðinum. Ögrandi áskorun - Brettum við ekki upp hendur?

Ábyrgðin er okkar – Okkar allra!!!

Umdæmisþing



verður haldið í Kópavogi 10.-12. september. Klúbbar eru beðnir um að bregðast fljótt og vel við orðsendingum Þingnefndar. Fyrst og fremst lýtur það að því að tryggja gistingu, en vegna mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna til landsins gæti orðið erfitt að halda pöntuðu gistirými fram eftir sumri.

Breytt svæðaskipting



Tillögur að breyttri svæðaskipting hafa verið til umræðu í klúbbum, á svæðisráðsfundum og hjá umdæmisstjórn um skeið. Í heimsóknnum mínum hef ég lagt við hlustir og kallað eftir umræðu um tillögurnar og félagar hafa verið óhræddir að tjá. Á heildina litið hefur tillaga B fallið í góðan jarðveg. Tími er kominn á tillögur um að breyta 20 ára skipulagi sem varð til við allt aðrar aðstæður en við búum við í dag. Tillögur sem geta orðið til að minnka kostnað klúbba og íþyngja umdæminu ekki um of. Tillögur sem miða að því að gera svæðisráðsfundi, fjölbreyttari, skilvirkari og fjölmennari. Tillögur sem miða að því að jafna félagafjölda í svæðum. Tillögur sem miða að því að veita Kiwanisfélögum okkar í Færeyjum aukin völd og ábyrg. Tillagan sem send var forsetum í upphafi ár er um skipulag en ekki líf eða dauða umdæmisins. Í ljósi þess mun tillaga sem lögð verður fyrir umdæmisstjórnarfund 16. apríl ganga útfra því að breytingin taki ekki gildi fyrr en starfsárið 2011-2012 og okkur gefst því tækifæri til að máta okkur í nýju starfsumhverfi í eitt ár. Hljóti tillagan hljómgrunn umdæmisstjórnar fer hún síðan fyrir umdæmisþing til endanlegrar kynningar.

Fræðsla:

Svæðisstjórnar og forsetar næsta starfsárs eru boðaðir til fyrstu fræðslu í Kiwanishúsinu Engjateig laugardaginn 17. apríl. Dagskrá mun berast viðkomandi innan fárra daga. Fræðslunefnd vonast til þess að flestir verðandi embættismanna sjái sér fært að mæta til þessa nauðsynlega undirbúningsforystusveitar næsta starfsárs. Ekki er síður mikilvægt að geta rætt Kiwanismál í hópi nýrra og eldri féлага og teysta þannig grunn að góðu samstarfi og farsælu og árangursríku starfsári.

Margt er er enn ósagt en ég læt hér staðar numið. Að endingu vil ég nota tækifærið og þakka öllu því góða Kiwanisfólki sem ég hef verið í samskiptum við og/eða hitt á Kiwanisakrinum velvilja og hlýjan hug. Guð blessi ykkur fyrir ykkar göfuga og óeigingjarna starf. Sjáumst heil!!! Óskar